

# Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ

## I. hluti Eyrarhreppur hinn forni

Svæðisskráning og aðalskráning jarðanna; Eyri, Seljaland,  
Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból.

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher



Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands

NVNR8/02

Bolungarvík 2002

© Ragnar Edvardsson, Ruth A. Maher 2002

Náttúrustofa Vestfjarða,  
Aðalstræti 21  
415 Bolungarvík.

1. INNGANGUR	4
1.1 UM FORNLEIFASKRÁNINGU	4
1.2 AÐFERÐARFRÆÐI FORNLEIFASKRÁNINGAR	5
2. BYGGÐARSAGA	6
3. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR	8
ÍS-141 Hnífsdalur Neðri	9
ÍS-142 Hnífsdalur fremri	14
ÍS-143 Bakki	15
ÍS-144 Eyri við Skutulsfjörð	18
ÍS-145 Stekkjanes	30
ÍS-146 Seljaland	30
ÍS-147 Tunga	32
ÍS-148 Hafrafell	43
ÍS-149 Engidalur	48
ÍS-150 Fossar	52
ÍS-151 Kirkjuból	54
ÍS-152 Fremri Arnardalur	59
ÍS-153 Neðri Arnardalur	61
4. MINJAR Í EYRARHREPPI	73
5. VERNDUN OG KYNNING FORNMINJA Í SKUTULSFIRÐI	76
6. KORT	77
7. HEIMILDASKRÁ	93

# 1. Inngangur

Hér birtist skýrsla yfir fornleifaskráningu Eyrarhrepps í Skutulsfirði. Í þessari skýrslu birtist svæðisskrá yfir allar 13 jarðirnar í hreppnum en aðalskráning fór fram á 8 jörðum, Eyri, Seljabrekku, Seljalandi, Tungu, Hafrafelli, Engidal, Fossum og Kirkjubóli. Jarðirnar Fremri og Neðri Arnardalur, Neðri Hnífsdalur, Fremri Hnífsdalur og Bakki bíða betri tíma. Í skýrslunni birtist einnig kort yfir fornminjar sem fundust við vettvangsathugun og voru allar fornminjar staðsettar með GPS staðsetningartæki. Öll kort voru unnin í GIS forritinu Archview og var notast við loftljósmyndir, eldri kort og GPS mælingar. Vörpun á öllum kortum er WGS84. Loftljósmyndirnar voru teknar af Ísgraf ehf. fyrir Ísafjarðarbæ

Fjallað verður um byggðarsögu Eyrarhrepps hins forna og reynt að varpa ljósi á hvernig búseta hefur þróast í hreppnum í gegnum aldirnar. Ekki verður farið ítarlega í sögu Ísafjarðarbæjar þar sem að Jón Þ. Þór hefur gert þeirri sögu góð skil í bók sinni “*Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna*”. Búsetuþróun hreppsins verður þó gerð skil og hvernig landnámi á 10. öld var háttað. Síðan eru dregin saman megin einkenni byggðar og fornleifa á skráningarsvæðinu. Í lok skýrslunnar verður fjallað um hvernig fornleifaskráning getur sem best nýst hreppnum.

## 1.1 Um fornleifaskráningu

Fornleifaskráning hófst á Íslandi í byrjun 19. aldar en það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1980 að skipuleg fornleifaskráning hófst í landinu. Í fyrstu voru eingöngu skráðar minjar sem taldar voru hafa sögulegt gildi eða tengdust fornsögunum. Skoðun manna á því hvað eru fornminjar hafa breyst mikið á síðustu árum og áratugum og nú er svo komið að byggingar sem áður voru ekki taldar hafa neitt menningarlegt gildi eru nú minjar um horfna lífshætti.

Skilningur manna á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um minjastaði og að vernda þá fyrir komandi kynslóðir hefur stóruaukið á undanförunum árum. Til að fá heildarmynd af gerð og ástandi fornminja í landinu verður skipulögð fornleifaskráning að koma til.

Á síðustu árum hefur Fornleifastofnun Íslands unnið með og þróað aðferðir við fornleifaskráningu. Stofnunin hefur nú undir höndum starfa gagnagrunn um menningarminjar á Íslandi. Fornleifaskráningin hefur fyrst og fremst verið unnin fyrir og í samvinnu við sveitafélög og stofnanir þeirra. Í þessari skýrslu er notast við þá aðferðarfræði sem Fornleifastofnun Íslands þróað á síðustu árum.

Fornleifaskráningu er skipt í þrjú stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu, svæðis-, aðal-, og deiliskipulag. Svæðisskráning felst í söfnun heimilda um fornleifar á tilteknu svæði og öflun annara gagna sem geta gefið vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á stóru svæði, t.d. heilu sveitarfélagi, sýslu eða héraði. Með svæðisskráningu er reynt að finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnaðis.

Í 18. grein þjóðminjalaga kemur fram að skylt sé “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess...” Starstu hagsmunir sveitarfélaga liggja í því að koma í veg fyrir að fornminjar verði fyrir skemmdum

við ýmisskonar framkvæmdir. Í 21. grein þjóðminjalaga kemur fram að þeim sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum beri að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Þetta atriði eitt og sér rennir styrkum stoðum undir nauðsyn fornleifaskráningar því með skipulegri skráningu er hægt að finna og staðsetja fornminjar áður en að kemur að jarðraski og þar með spara verulegar fjárhæðir fyrir. Fyrir utan þetta atriði eykst nú skilningur á möguleikum á að nýta upplýsingar um menningarminjar í ferðajónustu, en til þess að það sé hægt verða að vera til heildstæðar upplýsingar um ástand fornleifa og staðsetningu.

Í 16. grein þjóðminjalaga er eftirfarandi skilgreining á því hverskonar minjar teljast til fornleifa, og er hún lögð til grundvallar í fornleifaskráningu:

- a. byggðaleifar, bjarstaði og bjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hver kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
  - b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablástri;
  - c. gömul tún-akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
  - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnavöð, varir, hafnir og bátalagi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
  - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
  - f. gamlir þingstaður, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagahefð;
  - g. áletranir, myndir eða önnur vegsummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
  - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða krisnum sið;
  - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Á þessu sést að fornleifar eru ekki einungis forn mannvirki heldur einnig staðir sem tengjast merkum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum. Við fornleifaskráningu er þessari víðu skilgreiningu fylgt og staðir eins og orrustustaðir skráðir, og einnig staðir sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands. Dæmi um slíkt eru staðir þar sem draugum var komið fyrir eða þar sem þeir eiga að hafa búíð.

Þó miðað sé við mannvirkjaleifar sem eru 100 ára eða eldri er í raun stuðst við víðari skilgreiningu við skráninguna. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem bera vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, fiskplön, áveituskurðir, minjar sem tengjast seinni heimsstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess.

## 1.2 Aðferðarfræði fornleifaskráningar

Við fornleifaskráningu fyrir 1990 var fyrst og fremst leitast við að skrá þær minjar sem sjást á yfirborði. Slík skráning hefur takmarkað gildi fyrir skipulagsvinnu eða undirbúning framkvæmda, því fornminjar geta komið í ljós þar sem ekki var búist við þeim. Fornleifastofnun Íslands hefur því þróað aðferðafræði til að áætla staðsetningu menningarminja þó þær sjáist ekki á yfirborði. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þó þær sjáist ekki lengur.

Fornleifaskráningu er skipt í tvö vinnuferli, svæðisskráningu og aðalskráningu. Við svæðisskráninguna er gefið yfirlit um sögu byggðar, jarðir og takmörk þeirra skilgreindar. Þá er farið yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár og loks er leitað í beinum heimildum um fornleifar. Helstu heimildir sem stuðst er við við svæðisskráningu eru *jarðabækur*, *túnakort* sem gerð voru á árunum 1916-21, *örnefnaskrár*, *fornleifaskýrslur* og rit um byggðasögu.



Mynd 1. Pakkhúsið í Neðstakaupstað

Segja má að aðalskráning sé úrvinnsla svæðisskráningar. Við aðalskráningu er farið á staðinn og leitað skipulega að þeim menningarminjum sem vísbendingar fundust um við svæðisskráninguna. Farið er á alla þá staði þar sem svæðisskráningin gaf til kynna að minjar væru að finna. Þar minjar sem sjást á yfirborði eru skráðar, þeim er lýst, ástand þeirra skilgreint og lagt mat á hvort þær séu í hættu. Allir minjastaðir eru jafnframt staðsettir með hnitum og á korti. Þar sem minjar sjást ekki á yfirborði er reynt að ákvarða staðsetningu þeirra sem nákvæmast og afla upplýsinga um hversvegna þær sjást ekki lengur. Í lok vettvangsathugunarinnar er öllu skráningarsvæðinu skipt upp í reiti og er síðan valdir reitir kannaðir af meiri nákvæmni í þeim tilgangi að fá hugmynd um fjölda þeirra minja sem ekki koma fram í heimildum. Allar þessar upplýsingar eru fæðar inn á gagnagrunn Fornleifastofnunar Íslands, ÍSLEIFU. Einnig eru gerð kort sem sýna staðsetningu minjastaðanna og þau svæði afmörkuð þar sem líklegt er að minjar geti komið í ljós.

## 2. Byggðarsaga

Í jarðabók Johnsen frá 1847 eru 13 lögbýli skráð í Eyrarhreppi en nú er svo komið að aðeins er stundaður búskapur á jörðinni Engidalur. Aðrar jarðir hafa annað hvort lagst í eyði eða hafa horfið undir Ísafjarðarbæ og Hnífsdal.

Eyrarhreppur hinn forni flokkast undir minni hreppi og nær hann frá Óshlíð og að Súðavíkurlíð. Fjórir misdjúpir dalir tilheyra Eyrarhreppi, Arnardalur, Engidalur, Tungudalur og Hnífsdalur og þróaðist byggðin að mestu í þessum dölum. Landbúnaðarskilyrði eru betri í Eyrarhreppi en í mörgum öðrum hreppum á Vestfjörðum og var landbúnaður ein aðal atvinnugrein bænda sem einnig stunduðu sjósókn samhliða búskap.

Fyrstu landnemar komu til Íslands á síðustu áratugum 9. aldar Fyrstu landnámsmennirnir settust að í ríkustu landbúnaðarhéruðunum og er því líklegt að svæði eins og Vestfirðir hafi ekki verið búsettir fyrir en á fyrstu áratugum 10. aldar eftir að önnur svæði á landinu voru að fullu numin.

Landnámsjarðirnar í Skutulsfirði eru sennilega tvær. Í landnámu segir að Helgi sonur Hrólfs á Gnúpufelli hafi numið Skutulsfjörð. Þó svo að ekki sé getið hvar hann byggði bú sitt, er líklegast að Eyri sé landnámsjörð Helga. Einnig er getið um að Þórólfur brakir hafi numið



land sunnan Skutulsfjörð og Skálavík og búið þar<sup>1</sup>. Í dag er ekkert örnefni sem ber nafnið Skálavík svo það er óvíst hvar landnámsjörð Þórólfs var, en líklegt er þó að hin landnámsjörðin í hreppnum sé annaðhvort Kirkjuból eða Engidalur. Landnám Helga náði sennilega frá Óshlíð og í miðjan Skutulsfjörð en landnám Þórólfs frá miðjum hreppnum og að hreppamörkum að austan (kort 2). Aðrar jarðir hafa svo síðan skipst út úr þessum tveim landnámsjörðum.



Mynd 2. Seljarústir við Fossárvirkjun í Engidal.

Jarðirnar Eyri og Arnardalur koma fyrir í elstu heimildum. Í Gísla sögu segir að Oddur nokkur hafi búið á Eyri í Skutulsfirði<sup>2</sup> og í Fóstbræðra sögu segir að Katla nokkur hafi búið í Arnardal<sup>3</sup>. Af þessu má draga þá ályktun að Arnardalur hafi snemma byggst út úr landnámi Þórólfs jafnvel strax á 10. öld.

Jarðirnar Eyri, Kirkjuból og Tunga koma fyrir í heimildum frá 13.öld. "Maríu kirkia a eyri j skutilz firði á ij luti j heima landi: og þeim kír: cc eina og fim hundrud frijd: j audro: tiolld vm huerfis oc kluckur iij. Hocul altara klædi ij: munlogar ij. Oc glodaker: tijundir af x bolum oc half af kirkiu boli: torf skurd af ij lutum j attredmijingi: j tungu land: stola ij oc merki ij: þar skal vera pr[restr] heijmilisfastur oc taka fíorar merkur."<sup>4</sup> Jarðanna Fossa og Engidals er getið í heimildum frá 14.öld "cxxxvii. Mariukirkia a Eyre j skutulsfirde. A heimaland allt kyr xiiij og lx asaudar. Gelldneyta kugillde. Cc voru edur voru virð. Pallbord iiij storkerold j jordu. Þetta ber saman við wilchinsbok. Vtann hier stendur suo. Ad frateknum kirkiubole ok forsum og eingedal (að tijundum)"<sup>5</sup> Þetta bendir til þess að jarðirnar Kirkjuból, Tunga, Fossar og Engidalur hafi skipst snemma úr landnámsjörðunum, jafnvel verið komnar í byggð fyrir 1100.

Jörðin Hnífsdalur Neðri kemur fyrst fyrir í heimildum frá 15. öld. Hnífsdalur Fremri, Bakki Stekkjanes, Seljaland og Hafrafell ekki fyrir en í heimildum frá 18. öld. Líklegt er að Hnífsdalur neðri og fremri hafi í upphafi verið ein jörð sem síðan skiptist og að Bakki hafi í öndverðu verið hjáleiga Hnífsdals en orðið síðar sjálfstæð jörð. Þó svo að Hnífsdalur komi ekki fyrir í heimildum fyrir en á 15. öld er líklegt að jörðin hafi byggst mun fyrir og verið komin í byggð um eða fyrir 1100. Í jarðabók Árna Magnússonar frá 1710 er Stekkjanes hjáleiga Eyrar. Líklegt er að Seljaland hafi einnig verið hjáleiga Eyrar fyrir 1700 en orðið sjálfstæð jörð í kringum 1700. Líklegt verður að teljast að Hafrafell hafi upphaflega verið hjáleiga Kirkjubóls en skipst úr landinu á síðmiðöldum.

Árið 1710 var búið á öllum jörðunum en hjáleigumar Stekkjanes í landi Eyrar og Seljabrekka í landi Kirkjubóls voru í eyði. Árið 1710 voru allar jarðir í Eyrarhreppi í eigu

<sup>1</sup> Ísl.Sög. I.110

<sup>2</sup> Ísl.Sög. V.49

<sup>3</sup> Ísl.Sög.V.249

<sup>4</sup> D.I. II.260

<sup>5</sup> D.I.III.228-229.

utansveitarmanna fyrir utan Eyri sem tilheyrði kirkjunni. Dýrleiki jarða í Eyrarhreppi árið 1710 var frá átta hundruð til tuttugu og fjögurhundruð. Ódýrustu jarðirnar voru Hnífsdalur fremri tólf hundruð, Bakki sjö hundruð, Seljaland tólf hundruð, Hafrafell átta hundruð, Fossar átta hundruð og Arnardalur fremri tólf hundruð. Dýrustu jarðirnar voru Hnífsdalur neðri tuttugu og fjögur hundruð, Tunga tuttugu og fjögur hundruð, Engidalur átján hundruð, Kirkjuból þrjátíu hundruð og Arnardalur neðri tuttugu og fjögur hundruð. Eyri var ekki metin til dýrleika þar sem hún var kirkjustaður og beneficium en líklegt er að hún hafi verið dýrasta jörðin í hreppnum (kort 1).<sup>6</sup>

Þegar allar tölulegar upplýsingar í Jarðabók Árna Magnússonar eru greindar með tölfræðilegum aðferðum kemur í ljós að bændur í Eyrarhreppi á 18. öld byggðu afkomu sína að mestu af sauðfjár- og kúabúskap eða um 68%. Fiskveiðar hafa því ekki skipt eins miklu máli fyrir bændur í Eyrarhreppi eins og í mörgum öðrum hreppum á Vestfjörðum.

Verslun hófst snemma í Skutulsfirði og bendir margt til þess að á 16. öld hafi Hansakaupmenn haft aðsetur á Skutulsfjarðareyri. Þegar verslunareinokun var tekin upp á Íslandi árið 1602 varð Skutulsfjörður verslunarstaður sem náði yfir allt Ísafjarðardjúp, Súgandafjörð og Hornstrandir.

Hinn 1. janúar 1788 var verslunareinokun aflétt á Íslandi og í kjölfarið var stofnaður kaupstaður í Skutulsfirði. Verslun í Skutulsfirði var fyrst stunduð á Skutulsfjarðareyri og var kaupstaðurinn þar síðar nefndur Neðstikaupstaður. Síðan fjölgaði kaupmönnum sem vildu versla í Skutulsfirði og hófst þá verslun í Hastakaupstað. Alla 19. öldina jókst verslun á Ísafirði og íbúum fjölgaði jafnt og þétt. Um miðja 19. öld hafði kaupstaðurinn stækkað svo mikið að mest all Eyrarlandið var horfið undir kaupstaðinn og ekki lengur búið á Eyri.

Á 19. og 20. öld var stunduð útgerð frá Ísafirði samhliða verslun. Þegar komið var fram á miðja 20. öld var útgerð frá Ísafirði mjög blómleg. Á 20. öld fjölgaði íbúum Ísafjarðar ört og varð Ísafjörður snemma stærsti kaupstaðurinn á Vestfjörðum. Í dag heldur hann enn því sæti og er Ísafjarðarbar aðal mennta- og menningarsetur á Vestfjörðum og þar er stunduð fjölpatt atvinnustarfsemi.

### 3. Skrá yfir fornleifar

Í þessari skýrslu er notast við skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunarinnar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í jarðatali Johnsens frá 1847 og eru jarðir tölusettar eins og þar. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er með hvaða jörð ákveðnir minjastaðir eru taldir. Hverri fornleif er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÍS-141:001). Fornleifaskráin hefst á yfirliti yfir stærð jarðarinnar eins og hún er í jarðatali Johnsens og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706. Síðan er getið um elstu heimildir um jörðina og loks stærð túna.

Í skránni er minjum gefin númer og er venjan að þájarstaðinu sé gefið fyrsta númerið. Minjarnar eru flokkaðar eftir tegund og hlutverki. Þar sem er getið um heimild er átt við að eingöngu hafi fundist heimildir um staðinn. Við vettvangskönnun er gefin hnattstaða í gráðum og mínútum og er hún eingöngu tekin ef minjarnar eru greinilegar eða hægt er að staðsetja þar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Lýsingu á hverjum minjastað fylgir leiðarvísir á staðinn. Þá eru taldar þar heimildir sem stuðst var við, oft skammstafaðar, en upplýsingar um hverja heimild er að finna í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

---

<sup>6</sup> Á.M. VII. Bls.155-169.



## **ÍS-141 Hnífsdalur Neðri**

24 hundruð að dýrleika. [1498] "Vitnisburður að Bjarni Þórarinsson hefði feingið Vigfúsi Guðmundssyni til fullrar eignar Hnífsdal hinn neðra í Skutulsfirði" [D.I.VII.bl.396-397]. Túnastærð 1922 9.85 ha, matjurtagarðar 2765 m<sup>2</sup>. Túnastærð Búða 3.97, matjurtagarðar 532, 1/2 slétt.

### **ÍS-141:001** bæjarhóll býli

"Upphaflega hefur líklega aðeins verið einn bær í dalnum, landnámsjörðin Neðri-Hnífsdalur, er þá hefur kallast Skálavík. Hefur bærin að líkindum staðið á svipuðum slóðum og bær er nú, þ.e. á hólhrygg norðan áróssins, en íflatur malarkambur hefur verið fram til sjávarins." Nr 1 á túnakorti Neðra-Hnífsdals (Heimabæjar).

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals. Túnakort Neðra Hnífsdals frá 1922.

### **ÍS-141:002** Seljadalur heimild sel

" Um landamerkin er klettur eða forvaði við sjóinn, er Ófæra heitir, og sker þar skammt fram af, nefnt Ófæruboði. Innan til við Miðhlíð og Arafjall gengur allmikill hálendisdalur vestur í aðalfjallgarðinn, nefnist hann Seljardalur. Eftir honum norðanverðum rennur Seljaá, sem einnig er kölluð Seljadalsá. Fyrr á árum var uppsátur í Seljadal og var annað uppsátrið kallað Rómur, að því er segir í jarðabók Árna Magnússonar, árið 1710."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals.

### **ÍS-141:003** Selvör heimild uppsátur

" Um landamerkin er klettur eða forvaði við sjóinn, er Ófæra heitir, og sker þar skammt fram af, nefnt Ófæruboði. Innan til við Miðhlíð og Arafjall gengur allmikill hálendisdalur vestur í aðalfjallgarðinn, nefnist hann Seljardalur. Eftir honum norðanverðum rennur Seljaá, sem einnig er kölluð Seljadalsá. Fyrr á árum var uppsátur í Seljadal og var annað uppsátrið kallað Rómur, að því er segir í jarðabók Árna Magnússonar, árið 1710." "Seljadalur heitir (aðrir kalla Hömludal) í Hnífsdalslandi undir Ósshlíð, þar tvenn skipsuppsátur, kallast annað Rómur, en annað Selvör. Í Rómnum eru 3 vermannabúðir, aðrar 3 eru af grjóti afteknar. Í Selvör 2 vermenn sem þessar búðir brúka gefa landsdrotni sömuleiðis venjulegan toll. Í Rómnum er háski fyrir búðirnar sökum grjóthruns." [Á.M.VII, bls 157].

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals.

### **ÍS-141:004** Rómur heimild uppsátur

" Um landamerkin er klettur eða forvaði við sjóinn, er Ófæra heitir, og sker þar skammt fram af, nefnt Ófæruboði. Innan til við Miðhlíð og Arafjall gengur allmikill hálendisdalur vestur í aðalfjallgarðinn, nefnist hann Seljardalur. Eftir honum norðanverðum rennur Seljaá, sem einnig er kölluð Seljadalsá. Fyrr á árum var uppsátur í Seljadal og var annað uppsátrið kallað Rómur, að því er segir í jarðabók Árna Magnússonar, árið 1710." [Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals] "Seljadalur heitir (aðrir kalla Hömludal) í Hnífsdalslandi undir Ósshlíð, þar tvenn skipsuppsátur, kallast annað Rómur, en annað Selvör. Í Rómnum eru 3 vermannabúðir, aðrar 3 eru af grjóti afteknar. Í Selvör 2 vermenn sem þessar búðir brúka gefa landsdrotni sömuleiðis venjulegan toll. Í Rómnum er háski fyrir búðirnar sökum grjóthruns." [Á.M.VII, bls 157]

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals. Árni Magnússon, Jarðabók, VII.

### **ÍS-141:005** heimild verbúð

"Klettabás nyrst í dalnum niður undir fjöru, þar sem fyrrum stóðu verbúðirnar kallast Rass. Klettur er og þar í fjörunni nefndur Rómaborg og er hald manna, að fyrrum hafi veiðistöðin

svo heitið, og er raunar sagt berum orðum í ævisögu Jóns Indíafara, sem er um 100 árum eldri heimild en jarðabók Á.M."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals.

**ÍS-141:006** heimild leið

"Við sjóinn niður undan Skorinni innst er klettur eða for sem kallast Pallur og upp af honum Pallsgil. Áður en vegur sá kom, sem nú er var mjó reiðgata í hlíðinni, eins og raunar um Óshlíð alla allt út til Bolungarvíkur, sem oft var ófar á vetrum vegna svellna og snjóá og var þá farin fjaran."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals

**ÍS-141:007** *Búð* heimild býli

"Niður af sjóarhillum er svo kallaður Landhryggur, en innan eða sunnan við hann er engjablettur, sem heitir Land. Þar fyrir innan er svo býlið Búð í Hnífsdal. Einkennilegur klettur þar í fjörunni kallast Skollaborg. Fjaran fram með Búðartúni og þar út af kallast Bugur. Þar voru fyrrum fiskreitar og uppsátur." "Bud. Hjáleiga frá Hnífsdal, meinast hjer um 100 ára gömul." [Á.M.VII.bls.156]. Nr. 1 á túnakorti.

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals. Árni Magnússon, Jarðabók, VII.bindi. Túnakort Búða frá 1922.

**ÍS-141:008** *Lambhúshundrað* heimild lambhús

"Í Heimabæjartúninu er svo nefnt Lambhúshundrað og Bæjarhundrað og býlið Brekka, sem við arfaskipti skiptist frá Heimabæjarjörðinni.

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals.

**ÍS-141:009** *Banhúshóll* heimild bænhús

"Innst á Lambhúsbrekkunni heitir Steinshóll, þó að enginn steinn sé þar nú, en þar var fram undir 1930 stór einstakur steinn, sem einhverntíma hefur fallið úr fjallinu. Hann þótti vera fyrir vegna bygginga og til óprýði og var því grafið undan honum og hann felldur niður í jörðina. Bænhúshóll er beint niður af núverandi Heimabæjartúni. Inn og upp af Heimabæ heita Fjárhúshóllar, en neðarlega í túni er svo nefndur Kerlingarhóll, í túninu og kallaður Lambhúshóll, nú er horfinn vegna þess að þar hefur verið sléttað."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals.

**ÍS-141:010** *Strákhóll* heimild leikvöllur

Nyrst á Hólsvöllum er Strákhóll nefndur, og var þar oft leikvöllur barna. Hólnum fylgdi sú sögn, að endur fyrir lögnu hafi strákar tveir, sem flugust þar á í illu sokkið niður í hólinn, og komu aldrei upp síðan."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals.

**ÍS-141:011** *Brúarfljót* heimild brú

"Neðsta fljótið í ánni nefnist Brúarfljót, enda er þar brú á ánni. Niður af Hólavöllum er Hólavallafljót og Lambhagafljót dálítið framar, en Lambhagi er sunnan ár, gengt Heimabæjartúni. Þegar farið er suður yfir brúna á Langá er allbratta brekku upp að fara, utan í henni liggur vegurinn fram að Bakka heita þar Götur, en Götufljót í ánni sem einnig er nefnt Garðafljót. Á leiðinni fram að Bakka eru vöð á ánni, er kallast Kristínarvað og Götuskarðsvað."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals.

**ÍS-141:012** *Ásmundarstekkur* heimild stekkur

"Fyrir framan Traðargil er Fremri-Hvammur. Landamerkjallakur á milli Hrauns og Heimabæjar kallast Hraungilslakur. Þar sem vegurinn úr Hnífsdal liggur inn á Eyrarhlíð er hæðarhryggur eigi alllítill, og nefnist þar Leiti eða Hnífsdalsleiti. Þar sem Hraungilslakur rennur niður heitir Ásmundarstekkur. Í Landinu, sem fyrir er nefnt er Stakkagarðspartur.

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals

**ÍS-141:013** *Vígðá* frásögn brunnur

"Krossdáli, Dílafótur, Mjóaklof, allt nöfn á fiskimiðum og eru í fjallinu suðvestan til í Seljadal. Strengberg er klettagangur yst í fjallinu vestanvert í dalnum. Vígðá sprettur fram úr fjallinu yst í dalnum og rennur til sjávar um miðjan dalin. Er sagt að Guðmundur góði hafi vígt þessa á."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Neðri Hnífsdals.

**ÍS-141:014** heimild uppsátur

"Útraði er hjer í Hnífsdal og verstaða. Þrjár vermannabúðir hafa hjer staðið, eru nú í eyði. Þeir sem þar brúkuðu guldu venjuligan vertoll, og fjell hann í landsdrottins hlut."

**Heimildir:** Árni Magnússon, Jarðabók, VII.bindi.

**ÍS-141:015** *Hraun* bajaranhóll býli

"Býlið Hraun er lítil jörð og upphaflega byggð sem hjáleiga frá Heimabæ þ.e. Neðri-Hnífsdal. Er ekki nema meðal stekkjjarvegur á milli bæjanna, eða réttara sagt hefur ekki verið, því að Heimabær og Heimabæjartún má nú heita alveg runnið saman við þorp það, sem þar hefur myndast frá s.l.aldamótum." [Örnefnaskrá Hrauns í Hnífsdal] "Hraun. Önnur hjáleiga frá Hnífsdal." [Á.M.VII.bl.156]. Túnakort Hrauns frá 1922.

**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrauns í Hnífsdal. Árni Magnússon, Jarðabók, VII.bindi. Túnakort Hrauns frá 1922.

**ÍS-141:016** *Hallsfjós* heimild fjós

"En skarð það, sem þar verður í fjallinu nefnist Hraungilsskarð. Hvammur einn fyrir framan gilið nefnist Hallsfjós, en þar upp af, við fjallið, er kölluð Stóruð og fyrir framan hana hátt í fjallinu eru klettur þeir er Hrafnaklettur heita. Á milli þeirra er Stekkjahryggsgil og Stekkjarhryggur. Fram af Hrafnaklettum eru Balagötur nefndar og Hæri-Breiðhilla og Neðri-Breiðhilla, þar upp og fram af."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrauns í Hnífsdal.

**ÍS-141:017** *Grafarpartur* náma mógrafir

"Þar fyrir framan er svo Háteigshvolf og Háiteigur þar niður af, sem hvorttveggja eru slagjulönd. Þar fyrir framan er Grafarhryggur og Grafarhryggsgil og Grafarpartur, sem ber nafn af gömlum mógröfum þar í partinum. Þar fyrir framan er svo kölluð Vatnskelda, Vatnskelduhvolf, Vatnskelduhryggir, Heimra-Vatnskeldugil og Fremra-Vatnskeldugil. Þá kemur Fornaselshvolf og framan við það Fornasels gil. Fornasel og Fornaselshryggir."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrauns í Hnífsdal.

**ÍS-141:018** *Fornasel* heimild sel

"Þar fyrir framan er svo Háteigshvolf og Háiteigur þar niður af, sem hvorttveggja eru slagjulönd. Þar fyrir framan er Grafarhryggur og Grafarhryggsgil og Grafarpartur, sem ber nafn af gömlum mógröfum þar í partinum. Þar fyrir framan er svo kölluð Vatnskelda, Vatnskelduhvolf, Vatnskelduhryggir, Heimra-Vatnskeldugil og Fremra-Vatnskeldugil. Þá kemur Fornaselshvolf og framan við það Fornasels gil. Fornasel og Fornaselshryggir."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrauns í Hnífsdal.

**ÍS-141:019** *Stekkjamyri* heimild stekkur

"Fyrir utan bæ eru slægjur, er nefnast Hraunapartur, Ytra-Sund og Fremra-Sund, en fyrir framan og neðan bær Fitjapartur, Háteigspartur, Stekkjamýri, Fletjur og Beinamýri."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrauns í Hnífsdal.

**ÍS-141:020** hús óþekkt

Nr. 2 á túnakorti Búða.

**Heimildir:** Túnakort Fremra Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-141:021** hús óþekkt

Nr. 3 á túnakorti Búða.

**Heimildir:** Túnakort Fremra Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-141:022** *hús óþekkt*

Nr. 4 á túnakorti Búða.

**Heimildir:** Túnakort Fremra Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-141:023** hús óþekkt

Nr. 5 á túnakorti Búða.

**Heimildir:** Túnakort Fremra Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-141:024** heimild kálgarður

Nr. 6 á túnakorti Búða.

**Heimildir:** Túnakort Fremra Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-141:025** *Pálshús* hús bústaður

Nr. 2 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:026** hús bústaður

Nr. 3 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:027** hús óþekkt

Nr. 4 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:028** hús óþekkt

Nr. 5 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:029** hús óþekkt

Nr. 6 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:030** hús óþekkt

Nr. 7 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:031** tóft óþekkt

Nr. 8 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:032** hús óþekkt

Nr. 9 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:033** hús óþekkt

Nr. 10 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:034** hús óþekkt

Nr. 11 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:035** hús óþekkt

Nr. 12 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:036** heimild kálgarður

Nr. 13 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:037** heimild kálgarður

Nr. 14 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:038** heimild kálgarður

Nr. 15 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:039** heimild kálgarður

Nr. 16 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:040** heimild kálgarður

Nr. 17 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:041** heimild kálgarður

Nr. 18 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:042** heimild kálgarður

Nr. 19 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:043** heimild kálgarður

Nr. 19 á túnakorti Neðri Hnífsdals (Heimabajar).

**Heimildir:** Túnakort Neðri Hnífsdals (Heimabajar) frá 1922.

**ÍS-141:044** hús óþekkt

Nr. 2 á túnakorti Hrauns.

**Heimildir:** Túnakort Hrauns frá 1922.

**ÍS-141:045** hús óþekkt

Nr. 3 á túnakorti Hrauns.

**Heimildir:** Túnakort Hrauns frá 1922.

**ÍS-141:046** heimild kálgarður

Nr. 4 á túnakorti Hrauns.

**Heimildir:** Túnakort Hrauns frá 1922.

## **ÍS-142 Hnífsdalur fremri**

12 hundruð að dýrleika. Túnastærð 1922 5.88 ha, matjurtagarðar 555 m<sup>2</sup>, 1/6 slétt.

**ÍS-142:001** *Fremri Hnífsdalur* bæjarhóll býli

"Fremri Hnífsdalur, sem stundum er kallaður aðeins Dalur, er um 2,5 km frá sjó sunnanmegin Langár, en á þó land báðum megin ár, enda er bæinn ekki framur en um miðjan dal." Nr. 1 á túnakorti Fremri-Hnífsdals frá 1922.

**Heimildir:** Örnefnaskrá Fremra Hnífsdals. Túnakort Fremri-Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-142:002** *Stekkjarhryggur* heimild stekkur

"Gengt bænum, norðan megin í dalnum, eru nefnd Ból og Bólgil. Þar fyrir framan er Stekkjarhryggur og Stekkjarhryggsgil, Einarshryggur og Einarhryggspartur, Litlihryggur og Litlahryggspartur, Seljahryggur og Seljahryggspartur, Bali og Balapartur og Breiðamýri."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Fremra Hnífsdals.

**ÍS-142:003** *Selhryggur* heimild sel

"Gengt bænum, norðan megin í dalnum, eru nefnd Ból og Bólgil. Þar fyrir framan er Stekkjarhryggur og Stekkjarhryggsgil, Einarshryggur og Einarhryggspartur, Litlihryggur og Litlahryggspartur, Seljahryggur og Seljahryggspartur, Bali og Balapartur og Breiðamýri."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Fremra Hnífsdals.

**ÍS-142:004** *Seljaskarð* heimild sel

"Framur eða innar í dalnum, norðamegin er slægjuland sem einu nafni kallast Fjall, upp af því sama megin ár er Fagrihjalli, Seljaskarð og Seljaskarðsfjall."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Fremra Hnífsdals.

**ÍS-142:005** *Þverárhjáleiga* heimild bústaður

"Niður frá Fremstuhvilft renna tvær þverár í Langá og heita þær Fremri Þverá og Ytri Þverá. Niður við ána er svo kallað Langholt, Þverárhjáleiga og Þverárpertur. Skriður eru þar í hlíðinni og nefnast Fremri Dalsskriða og Ytri Dalsskriða."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Fremra Hnífsdals.

**ÍS-142:006** hús óþekkt

Nr. 2 á túnakorti Fremri Hnífsdals frá 1922.

**Heimildir:** Túnakort Fremri Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-142:007** hús óþekkt

Nr. 3 á túnakorti Fremri Hnífsdals frá 1922.

**Heimildir:** Túnakort Fremri Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-142:008** hús óþekkt

Nr. 4 á túnakorti Fremri Hnífsdals frá 1922.

**Heimildir:** Túnakort Fremri Hnífsdals frá 1922.



**ÍS-142:009** hús óþekkt  
Nr. 5 á túnakorti Fremri Hnífsdals frá 1922.  
**Heimildir:** Túnakort Fremri Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-142:010** hús óþekkt  
Nr. 6 á túnakorti Fremri Hnífsdals frá 1922.  
**Heimildir:** Túnakort Fremri Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-142:011** hús óþekkt  
Nr. 7 á túnakorti Fremri Hnífsdals frá 1922.  
**Heimildir:** Túnakort Fremri Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-142:012** hús óþekkt  
Nr. 8 á túnakorti Fremri Hnífsdals frá 1922.  
**Heimildir:** Túnakort Fremri Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-142:013** hús óþekkt  
Nr. 9 á túnakorti Fremri Hnífsdals frá 1922.  
**Heimildir:** Túnakort Fremri Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-142:014** hús óþekkt  
Nr. 10 á túnakorti Fremri Hnífsdals frá 1922.  
**Heimildir:** Túnakort Fremri Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-142:015** hús óþekkt  
Nr. 11 á túnakorti Fremri Hnífsdals frá 1922.  
**Heimildir:** Túnakort Fremri Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-142:016** heimild kálgarður  
Nr. 12 á túnakorti Fremri Hnífsdals frá 1922.  
**Heimildir:** Túnakort Fremri Hnífsdals frá 1922.

**ÍS-142:017** heimild kálgarður  
Nr. 13 á túnakorti Fremri Hnífsdals frá 1922.  
**Heimildir:** Túnakort Fremri Hnífsdals frá 1922.

### **ÍS-143 Bakki**

Jarðadýrleiki 7 hundruð. Túnastærð 1922 4.77 ha, matjurtagarðar 587 m<sup>2</sup>, 1/4 slétt. Lóðir: Sigurðar Þorvarðssonar: 0.98 ha, Friðriks Tómassonar: 0.37 ha, Kjartans Guðmundssonar: 0.32 ha, Lambhagi: 0.42 ha, Árbakki: 0.46 ha.

**ÍS-143:001** Bakki bájarhóll býli  
"Um 1/2 km frá sjó, sunnan Langár, og gengt bænum Hrauni, er jörðin Bakki í Hnífsdal. Bærinn stendur á dálitlum hóli og beygir áin þar í kröppum bug til suðurs meðfram túninu, en fellur síðan aftur til norðurs og rennur til sjávar í gegnum Hnífsdalsþorp sunnan við Heimabæ með stefnu austur." Nr. 1 á túnakorti Bakka í Hnífsdal.  
**Heimildir:** Örnefnaskrá Bakka í Hnífsdal. Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:002** Miðhús heimild bústaður  
"Á landamerkjum Bakka og Fremra Hnífsdals er svo nefndur Svartilakur en sumir kalla hann Merkjalak eða Merkjagil. Þar fyrir heiman er Miðhúsagil, Miðhúsagilsfljót í ánni og

eyðibýlið Miðhús. Er það hald manna, að þar hafi verið hjáleiga frá Bakka, en er nú svo langt síðan að enginn kann þar frekar frá að segja." [örnefnaskrá Bakka í Hnífsdal]. "Midhus heitir í Bakkalandi. Eru munnmáli þar hafi byggð verið, en svo er það fyrir löngu, að enginn veit þar neitt frekara til að segja. Meira er hjer þrönglendi en þetta kot verði aftur bygt." [Á.M.VII.158]

**Heimildir:** Örnefnaskrá Bakka í Hnífsdal.

**ÍS-143:003** garðlag landamerki

"Upp í Bakkahyrmu er örnefnið Svörtuklettur, þar er og Breiðhilla, sem fyrir er nefnd. Hlíðin frá Bólhrygg og út á Bakkarönd nefnist einu nafni Bakkahlíð, en Bakkarönd er suðurtakmörk Bakkalands að fornu og sér þar enn móta fyrir gömlum merkjagarði úr torfi innan til á Leitinu allt til fjalls. Þar heitir einnig Bakkafjall er hærra kemur. Þar fyrir neðan, niður undir þorpinu heitir Bakkar og á þeim steinn einn, nefndur Torfasteinn, en uppi á fjallsbrúninni er svo kallaður Hádegissteinn. Fyrir neðan Bakkana, alveg niður við sjó heita Stekkir, þar er Stekkjartjörn og Stekkjargrund og standa þar nú íbúðarhús þröpsbúa"

**Heimildir:** Örnefnaskrá Bakka í Hnífsdal.

**ÍS-143:004** Hesthúshóll heimild hesthús

"Í túninu á Bakka eru þessi örnefni: Hesthúshóll, Jónshóll, Tjaldhóll, Stórhóll, Litlihóll, Strýtuhóll og Saubrekka. Nokkuð fyrir utan túnið er svo nefnt Götuskarð, á milli árinna og vegarins þar sem farið var áður fyrir."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Bakka í Hnífsdal.

**ÍS-143:005** Jórsalir heimild bústaður

"Þar sem vegurinn liggur nú niður af Bökkunum heitir Hreggnasi. Innsta býlið á Stekkjunum heitir Jórsalir. Innan við Bakkarönd heitir Langhóll, langur og grasi vaxinn hóll eða hryggur, þar sem í seinni tíð hafa staðið skreiðarhjallar miklir. Niður af honum heita Lambavellir, og er þar nú bæði grafreitir og íþróttavöllur Hnífsdælinga í nábýli við hvorn annan."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Bakka í Hnífsdal.

**ÍS-143:006** Kolgrafarhvammur náma kolagröf

"Þar fyrir innan, þ.e. fyrir innan Krossgil er svo Miðhlíð og á henni Kolgrafarhvammur og Kolgrafagil. Bera þau nöfn vott um að þar hefur fyrrum skógur verið og gert til kola þó að sjái þess engin merki utan örnefnin ein. Þar fyrir innan eru svo landamerki Eyrar í Skutulsfirði og Heimabajar í Hnífsdal, við svo nefnt Miðhlíðargil og Miðhlíðarstein."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Bakka í Hnífsdal.

**ÍS-143:007** Eyrámannavör heimild uppsátur

" Þar fyrir innan eru svo landamerki Eyrar í Skutulsfirði og Heimabajar í Hnífsdal, við svo nefnt Miðhlíðargil og Miðhlíðarstein. Rétt fyrir utan til við landamerkin er svö kölluð Eyrámannavör, og mun það nafn dregið af því, að þar hefur Eyrarprestur í Skutulsfirði haft uppsátur í fyrri daga, sem hefur þótt styttra og hentugra að róa heiman frá Eyri, þar sem útfiri er mikið að norðanverðu við eyrina."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Bakka í Hnífsdal.

**ÍS-143:008** hús óþekkt

Nr. 2 á túnakorti Bakka í Hnífsdal.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:009** hús óþekkt

Nr. 3 á túnakorti Bakka í Hnífsdal.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:010** hús óþekkt

Nr. 4 á túnakorti Bakka í Hnífsdal.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:011** hús óþekkt

Nr. 5 á túnakorti Bakka í Hnífsdal.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:012** hús óþekkt

Nr. 6 á túnakorti Bakka í Hnífsdal.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:013** hús óþekkt

Nr. 7 á túnakorti Bakka í Hnífsdal.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:014** hús bústaður

Nr. 8 á túnakorti Bakka í Hnífsdal. Neðst á túnakortinu eru teiknaðar nokkrar lóðir og er þessi staður á lóð Friðriks Tómassonar.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:015** hús óþekkt

Nr. 9 á túnakorti Bakka í Hnífsdal. Neðst á túnakortinu eru teiknaðar nokkrar lóðir og er þessi staður á lóð Friðriks Tómassonar.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:016** heimild kálgarður

Nr. 10 á túnakorti Bakka í Hnífsdal. Neðst á túnakortinu eru teiknaðar nokkrar lóðir og er þessi staður á lóð Friðriks Tómassonar.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:017** hús bústaður

Nr. 11 á túnakorti Bakka í Hnífsdal. Neðst á túnakortinu eru teiknaðar nokkrar lóðir og er þessi staður á lóð Árbakka.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:018** hús óþekkt

Nr. 12 á túnakorti Bakka í Hnífsdal. Neðst á túnakortinu eru teiknaðar nokkrar lóðir og er þessi staður á lóð Árbakka.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:019** hús óþekkt

Nr. 13 á túnakorti Bakka í Hnífsdal. Neðst á túnakortinu eru teiknaðar nokkrar lóðir og er þessi staður á lóð Árbakka.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:020** heimild kálgarður

Nr. 14 á túnakorti Bakka í Hnífsdal. Neðst á túnakortinu eru teiknaðar nokkrar lóðir og er þessi staður á lóð Árbakka.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:021** hús bústaður

Nr. 15 á túnakorti Bakka í Hnífsdal. Neðst á túnakortinu eru teiknaðar nokkrar lóðir og er þessi staður á lóð Kjartans Guðmundssonar.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:022** hús óþekkt

Nr. 16 á túnakorti Bakka í Hnífsdal. Neðst á túnakortinu eru teiknaðar nokkrar lóðir og er þessi staður á lóð Kjartans Guðmundssonar.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:023** heimild kálgarður

Nr. 17 á túnakorti Bakka í Hnífsdal. Neðst á túnakortinu eru teiknaðar nokkrar lóðir og er þessi staður á lóð Kjartans Guðmundssonar.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:024** heimild kálgarður

Nr. 18 á túnakorti Bakka í Hnífsdal.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-143:025** heimild kálgarður

Nr. 19 á túnakorti Bakka í Hnífsdal.

**Heimildir:** Túnakort Bakka í Hnífsdal frá 1922.

**ÍS-144 Eyri við Skutulsfjörð**

24 hundruð að dýrleika. Árið 1805 voru 3 verslunarhús á Eyri. "Oddr er maðr nefndr ok var Örlygsson. Hann bjó á Eyri í Skutulsfirði." [Ísl.sögur V, 12]"Máldagi Mariukirkju á Eyri í Skutulsfirði [er Árni biskup Þorláksson setti] [Árið 1286] Mariú kirkia a eyri j skutilz firði á ij luti j heima landi: og þeim kýr: cc eina og fim hundrud frrijd: j audro: tiolld vm huerfis oc kluckur iij. Hocul altara klædi ij: munlogar ij. Oc glodaker: tijundir af x bolum oc half af kirkiu boli: torf skurd af ij lutum j attredmijngi: j tungu land: stola ij oc merki ij: þar skal vera þr[restr] hejmilisfastur oc taka fiorar merkur." [D.I.II 260] Hítardalsbók [1367] "cxxxvii. Mariukirkia a Eyre j skutulsfirde. A heimaland allt kyr xiij og lx asaudar. Gelldneyta kugillde. Cc voru edur voru vird. Pallbord iijj storkerold j jordu. Þetta ber saman vid wilchinsbok. Vtann hier stendur suo. Ad frateknum kirkiubole ok forsum og eingedal (ad tijundum) [D.I.III.228-229] [1431] Testamentisbréf Guðna Oddsonar, þar sem hann gefr ýmsar gjafir fyrir sál Þorbjargar Guðmundardóttur konu sinnar...jtem c til eyrar." [D.I.IV.485] Vilchinsbók [1397] "Mariukirkia a Eyri j Skutlsfirði oc hins heilaga Jons postula a heimaland allt. Kyr oc lx asaudar. Gelldneyta kugildi cc voru. Pllbord. Ij storkierolld j jordu. Þangad liggia tiunder af ollum bæum mille Brudarhamars oc Ofæru oc lysistollar ad frateknu Kirkiuboli. Forsum oc Eingidal." [D.I.IV.140-141] Eyri fór í eyði á seinni hluta 19. aldar og er ekki til túnakort yfir jörðina.

**ÍS-144:001** Eyri bjarhóll býli 66°04.337N 23°07.317V

"Oddr er maðr nefndr ok var Örlygsson. Hann bjó á Eyri í Skutulsfirði." [Ísl.sögur V, 12] Á Uppdrætti frá 1789 og 27. Maí 1882 eru þjú hús á bjarstaði Eyrar. Bærinn Eyri stóð á svæðinu norðan kirkjunnar, á milli kirkjunnar og gamla sjúkrahússins. Þegar leikskólinn sem stendur austan við gamla bjarhólinn var byggður, er líklegt að það hafi skaðað bjarhólinn að einhverju leiti. Grösugur hóll er á opnu svæði norðanmegin við kirkjuna. Hóllinn er ílangur í austur vestur en hefur verið klippt af honum við leikskólann.

**Hættumat:** Hætta vegna rasks..

**Heimildir:** Þjóðskjalasafn: (kort)I.J.7,nr.690, Levetzow 1787. Va.J.B., nr. 1144, 1882. Va.J.16. Nr.1235, 1872. (Ríksskjalasafn dana) Den islandske, finnmarkske, grönllandske og færöske handel. Indkomme breve vedk. Island. Registr. 140, 317, 4401.

**ÍS-144:002** *Eyrarkirkja* heimild kirkja 66°04.318N 23°07.289V

